

Þingsetning.

Formaður KAÍ, Ólafur Wallevik setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Arnar Hjartarson var einróma kosinn fundarstjóri og Reinharð Reinharðsson ritari þingsins. Ágústa Andrésdóttir og Arnar Hjartarson kosin til að undirrita þinggerðina.

Kosnar fastar nefndir.

- a. Kjörbréfanefnd.  
Halldór Svavarsson, Sigríður Björnsdóttir og Hrefna Hauksdóttir.
- b. Fjárlaganefnd.  
Indriði Jónsson, Jón Ingi Þorvaldsson og Eyþór Ragnarsson
- c. Laga- og leikreglanefnd.  
Helgi Jóhannesson, Gunnlaugur Sigurðsson og Jón Ingi Þorvaldsson.
- d. Allsherjarnefnd.  
Ásdís Elvarsdóttir, Sigurbjörn Jónsson og Willem Cornelis Verheul.
- e. Kjörnefnd.  
Ólafur Wallevik, Sólveig Sigurðardóttir og Pétur Ragnarsson.

Skýrsla fráfarandi stjórnar.

Ólafur Wallevik, formaður KAÍ, flutti skýrslu stjórnar. Ávarp formannsins er birt í heild sinni í ársskýrslu stjórnar.

Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.

Indriði Jónsson gjaldkeri KAÍ lagði fram endurskoðað reikninga sambandsins til samþykktar. Reikningarnir eru birtir í heild í ársskýrslu stjórnar.

Reikningarnir voru samþykktir einróma.

Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.

Samþykkt var að vísa fjárhagsáætluninni til fjárlaganefndar.

Tillögur um breytingar á lögum og leikreglum.

Lögð var fram tillaga að lagabreytingu á Lögum Karatesambands Íslands. Lagðar voru fram 2 tillögur að breytingum á Reglum um Íslandsmót í nokkrum liðum. Samþykkt var að vísa þeim til laga- og leikreglanefndar.

Aðrar tillögur og önnur mál.

Engin mál voru lögð fram.

Málum og tillögum vísað til nefnda.

Fundarstjóri vísaði málum til nefnda. Nefndir fjalla um tillögurnar í þinghléi.

## ÞINGHLÉ

### Nefndarálit.

#### *Kjörbréfanefnd.*

Halldór Svavarsson, formaður kjörbréfanefndar, lýsti alla fulltrúa á Karateþingi lögmeeta.

#### *Laga- og leikreglnafnd.*

Helgi Jónhannesson, formaður nefndarinnar, kynnti tillögur nefndarinnar til lagabreytinga:

#### 5. gr. Önnur málsgrein:

Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar. Skal boða það bréflaga með minnst 2ja mánaða fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið.

Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðari fundarboð. Karateþing er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

#### **verði**

Þingið skal árlega haldið **fyrir lok janúarmánuðar**. Skal boða það með **sannanlegum hætti** með minnst **30 daga** fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn KAÍ minnst **7** dögum fyrir þingið.

Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi **5** dögum fyrir þingið, sem síðari fundarboð. Karateþing er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

Samþykkt samhljóða, með fyrirvara um samþykki framkvæmdarstjórnar ÍSÍ.

Hann kynnti einnig tillögur nefndarinnar um breytingar á Reglum um Íslandsmeistaramót.

#### a) Tillaga að breytingum á **lista yfir kata:**

##### 11. gr.

Við bætist fyrir **Goju-Ryu:**

G13 Taikyoku Jodan

G14 Taikyoku Chudan

G15 Taikyoku Gedan

G16 Taikyoku Kake uke

G17 Taikyoku Mawashi uke

Samþykkt samhljóða.

#### b) Tillaga að breytingu á reglugerð

##### 8. gr.

Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem meirihluti sveitar skyldi keppa í.

#### **verði**

Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem **elsti** keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 12 ára og yngri en unglíngamótið í kata fyrir 13 til 20 ára.

Samþykkt samhljóða.

c) Tillaga að breytingu á reglugerð

23. gr.

**við bætist:**

Karatedómari nefnist sá sem hefur bæði a-dómararéttindi í kata og kumite.

Samþykkt samhljóða.

d) Tillaga að breytingu á reglugerð

8. gr.

**við bætist:**

Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ár í kata og 18 ár í kumite og skal miða við fæðingarár.

Samþykkt með 14 atkvæðum geng 4.

e) Tillaga að breytingu á reglugerð

8. gr.

Á Unglingameistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 13 og 14 ára.
2. Kumite pilta 15 og 16 ára.
3. Kumite eldri pilta 17 og 18 ára.
4. Kumite juniora 19 og 20 ára.
5. Kumite telpna 13 og 14 ára.
6. Kumite stúlkna 15 og 16 ára.
7. Kumite kvenna 17 til 20 ára.

**verði**

Á Unglingameistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 12 og 13 ára.
2. Kumite pilta 14 og 15 ára.
3. Kumite pilta (kadett) 16 og 17 ára.
4. Kumite karla (junior) 18 til 20 ára.
5. Kumite telpna 12 og 13 ára.
6. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
7. Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára.
8. Kumite kvenna (junior) 18 til 20 ára.

Samþykkt með 18 atkvæðum gegn 3.

f) Tillaga að breytingu á reglugerð

10. gr.

**við bætist**

Þegar keppt er eftir uppreisnarfyrirkomulagi er ekki keppt um 3ja sæti heldur skal veita tvönn bronsverðlaun fyrir 3-4 sæti.

Samþykkt með 12 atkvæðum gegn 4.

g) Tillaga að breytingu á reglugerð

9. gr.

Eftir hvern hluta skal gefa 5 stig fyrir fyrsta sæti, 3 fyrir annað og 2 stig fyrir þriðja sætið og 1 stig fyrir fjórða sætið. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 5 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti.

**verði**

Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 6 stig fyrir annað sæti og 4 stig fyrir þriðja – fjórða sætið og aðrir keppendur fái 1 stig fyrir þátttöku. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti.

Samþykkt samhljóða.

h) Tillaga að breytingu á reglugerð

8. gr.

**niður falli**

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata barna 7 ára og yngri.

Fellt með jöfnum atkvæðum, 9 gegn 9.

Ólafur Helgi Hreinsson bókaði mótmæli við að reynt væri að keyra í gegn breytingar á reglugerð KAÍ án þess að ráðrúm hefði gefist í félögunum að ræða þær.

*Fjárhagsnefnd.*

Indriði Jónsson, formaður fjárlaganefndar, lagði fram tillögu nefndarinnar að fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

## **Fjárhagsáætlun 2005**

<b>Tekjur</b>	Starfsárið 2005	rauntölur 2004
Aðildarfélög	270.000	257.600

Lottóstyrkur	1.400.000	1.358.838
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	950.000	928.633
Mótahald	350.000	350.100
Aðrir styrkir		75.000
Annað	300.000	187.038
	<b>3.270.000</b>	<b>3.157.209</b>

#### **Gjöld**

Mótahald	550.000	541.229
Landslið		
- landsliðsþjálfari	350.000	441.376
- kumite	1.300.000	793.572
- kata	200.000	210.720
- landskeppni	500.000	642.570
- árgjöld	130.000	210.415
Kynningarmál	120.000	118.773
Námskeið	150.000	266.639
Rekstur skrifstofu	200.000	195.313
Annað	120.000	115.540
	<b>3.670.000</b>	<b>3.536.147</b>
	- 370.000	-378.938

Meðlimagjald 200

Áætlunin var samþykkt samhljóða.

#### *Allsherjarnefnd.*

Ásdís Elvarsdóttir, formaður nefndarinnar, sagði að nefndin hefði rætt þær tillögur sem komið hefðu fram en hefði engu við að bæta þær umræður sem farið hefðu fram um þær.

#### *Kjörnefnd:*

Ólafur Wallevik, formaður nefndarinnar, lagði til að tveir nýir menn kæmu í stjórn og varastjórn í stað tveggja sem ekki gáfu kost á sér aftur. Í stjórn verði:

Ólafur Wallevik, formaður  
Reinharð Reinharðsson, varaformaður  
Ásdís Elvarsdóttir, gjaldkeri  
Gunnlaugur Sigurðsson, ritari  
Halldór Svavarsson, meðstjórnandi

Einn varamaður gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Nefndin stakk upp á Pétri Frey Ragnarssyni í hans stað.

Endurskoðendur verði endurkjörnir.

#### Önnur mál.

Tillaga frá Jóni Inga Þorvaldssyni til þingsályktunar kom fram þar sem skorað var á stjórn og mótanefnd að keppa á dýnum á ÍM í Kata árið 2006. Var hún samþykkt af þorra þingfulltrúa.

Jón Ingi Þorvaldsson lagði til að keppt yrði með búkhlífar í kumite 12 – 15 ára á næsta unglingsmeistaramóti. Tillögunni var vísað til dómara nefndar til umsagnar og á hún að hafa skilað af sér skýrslu fyrir lok sumars.

Arnar Hjartarson áréttaði við þingheim að félög utan höfuðborgarsvæðisins þyrftu að standa straum af kostnaði við að sækja mót og æfingar til Reykjavíkur og bað um að stjórn KAÍ athugaði hvernig hægt væri að koma til móts við þau. Einnig minnti hann á að bæta þyrfti boðleiðir innan Karateíþróttarinnar og óskaði eftir að þau mál yrðu löguð hið fyrsta.

Helgi Jóhannesson minnti á að öll félög sem senda keppendur á mót á vegum KAÍ verði einnig að senda dómara og starfsmenn samkvæmt fjölda keppenda. Hann minnti á þingsályktunartillögu frá 2003 um að setja ætti saman og gefa út mótabók með upplýsingum um framkvæmd móta sem hægt væri að styðjast við í framtíðinni.

#### Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda.

Tillaga kjörnefndar var borin undir atkvæði. Stjórnin var endurkjörin einróma með lófataki. Í stjórn KAÍ eru því:

Ólafur Wallevik, formaður  
Reinhard Reinhardsson, varaformaður  
Ásdís Elvarsdóttir, gjaldkeri  
Gunnlaugur Sigurðsson, ritari  
Halldór Svavarsson, meðstjórnandi

Tillaga kjörnefndar um varamenn í stjórn var samþykkt einróma með lófataki. Í varastjórn eru því:

Jón Ingi Þorvaldsson  
Pétur Freyr Ragnarsson  
Guðmundur H. Pétursson

Tillaga kjörnefndar um að endurskoðendur var samþykkt einróma með lófataki. Endurskoðendur reikninga KAÍ eru því:

Helgi Jóhannesson  
Jón Ingi Þorvaldsson

#### Kjör 5 manna í aganefnd og 3 til vara.

Tillaga kjörnefndar var að aganefnd yrði óbreytt en 3 varamenn yrðu valdir að auki. Aganefnd var kjörin einróma. Í henni eru:

Ásmundur Ísak Jónsson  
Gretar Örn Halldórsson  
Gunnlaugur Sigurðsson  
Magnús Kr. Eyjólfsson.  
Vincente Carrasco

Varamenn:  
Ólafur Helgi Hreinsson  
Helgi Jóhannesson

Halldór Svavarsson

Val fulltrúa á Íþróttabing.

Ákvörðuninni var vísað til stjórnar.

Þingslit.

Formaður KAÍ, Ólafur Wallevik, tilkynnti að stjórn KAÍ hefði ákveðið að heiðra tvo stjórnarmenn fyrir störf í þágu Karateíþróttarinnar með silfurmerki KAÍ, þá Reinharð Reinharðsson og Indriða Jónsson, en þeir hafa verið í stjórn sambandsins undanfarin ár. Báðir hafa þeir einnig verið formenn í sínum félögum og tekið virkan þátt í starfi sambandsins.

Að lokum þakkaði hann starfmönnum þingsins vel unnin störf og þakkaði öllum þingfulltrúum fyrir samstarfið á þinginu og óskaði þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Hann sleit því næst 18. karateþingi.

Þingritari,

Þinggerð samþykkt og undirrituð:

---

Reinharð Reinharðsson.

---

Arnar Hjartarson

---

Ágústa Andrésdóttir